


„Asid“ skrifar um:

Tízkusýninguna í Hagaskóla.

TÍZKUSÝNING var haldin í Hagaskóla 2. dag Reykjavíkur-



Stakkurinn, sem vakti mesta athygli.

kynningarinnar. Frú Sigríður Gunnarsdóttir, sem hefur fyrir skömmu stofnað fyrsta tízkuskólann hér í bæ, sá um sýninguna. Voru það stúlkur úr skólanum, sem sýndu fötin. Auk þeirra sýndu María Guðmundsdóttir fegurðardrottning og þýzk stúlka, Carsta að nafni. Allar voru þær frjálsegar og komu fallega fram, en þó var auðséð, að þýzka stúlkan var sviðsvenari en hinar.

Fyrst voru sýndar kápur frá Bernhard Laxdal í Kjörgarði. Kápurnar voru hollenzkar, flestar úr tweed-efnum. Nokkrar þeirra voru með litlum skinnkrögum, beltislausar og mjög stuttar, rétt um hnén. Hattar, hanzkar og töskur voru í smekklegum litum við kápur.

Síðari hluti sýningarinnar vakti þó mesta athygli. Sýndar voru stakkar eða blússur úr ísl. ullarefni, sem frú Ásgerður Búadóttir hefur mynsttrað, en frú Dýrleif Ármann sniðið. — Sportver við Skúlagötu hefur framleitt þessa stakka, sem eru smekklegir og hlýlegir og auka fjölbreytni í ullarfatnaði okkar.

Kynnir sýningarinnar, sem var Ævar Kvaran leikari, lét að endingu þá ósk í ljós að fá að sjá sem flestar stúlkur í þessum smekklega klæðnaði í vetur og var tekið undir það með lófataki áhorfenda, sem jafnframt þökkðu stúlkunum og þeim, sem að sýningunni stóðu, vandaðan undirbúning og ágæta skemmtun.

Viðtal dagsins —

Framh. á 4. síðu.

leitt ennþá dýrari en hér heima, og í sumar hefur veiðin brugðist þar að verulegu leyti. Sem dæmi get ég þess að faðir minn var við veiðar hálfan mánuð í sumar í laxveiðiá, en fékk engan lax, hinsvegar nokkra silunga.

— Lax hlýtur að vera mjög dýr í Noregi?

— Já, miklu dýrari en hér heima. Dýrasti matur sem hægt er að fá. Veiðileyfin eru helmingi dýrari en hér á Íslandi og víða verður maður, auk veiðileyfanna að borga ákveðið gjald fyrir hvert kg. sem maður veiðir.

Ég held að það ætti að vera auðvelt að stefna norskum laxveiðimönnum hingað í ríku mæli. Þeir vita bara ekkert af því að það er miklu auðveldara að veiða lax uppi á Íslandi heldur en heima í Noregi. Og þeir myndu verða snarvitlausir ef þeir vissu af veiðianum hér heima.

Það væri líka hægt að senda rjúpnaskyttur til Íslands þegar mikið er um rjúpu. Veiðihugi er mikill í Noregi, veiðimenn og skyttur eru margar hverjar ríkar og þær leggja mikið í sólurnar til að ná í bráð.

— Hvað finnst þér ábótavant í fari okkar Íslendinga?

— Ég er ekki hingað kominn til að gagnrýna ykkur. Það læt ég öðrum eftir. Einni ráðleggingu vildi ég samt koma á framfæri. Hún hefur víst komið fram áður en verið hafnað. Það er þegnskyldvinna. Aðrar þjóðir hafa herskyldu. Við erum víst sammála um fátækleik þess fyrirbæris, hvað viðvíkur manndrápum og vígbúnaði. En starfið hefur hinsvegar mikil uppeldisleg áhrif og það hefur aginn líka. Ég held að Íslendingar hefðu gott af því að fórn einu ári af ævi sinni fyrir föðurlandið, vinna því gagn á sjó eða í sveit, en um leið

Þetta er í samræmi við það, sem Zeuphor segir, en hann talar líka um birtingu innri veruleikans með viðeigandi tækni, er að sjálfsgöðu hlýtur að vera margvísleg. Með þetta í huga ættu að vera möguleikar fyrir hendi til þess að átta sig á því, að oft muni vera þörf á „miklum sveiflum og snörpum átökum“. Hér er ekki um að ræða dútl við að mála epli á fati, þótt snoturlega geti það litið út, alveg eins og spegilflötur vatnsins, heldur hjartaslög manneskjunnar sjálfar, leyndardómur lífsins.

Að mörgu er að hyggja í heimi myndlistarinnar.

F.

Héraðsmót Sjálfstæðismanna á Dalvík 26. ágúst.

Héraðsmót Sjálfstæðismanna verður á Dalvík, laugardaginn 26. ágúst kl. 20.30.

Á móti þessu munu þeir Bjarni Benediktsson, dómismálaráðherra og Magnús Jónsson, bankastjóri, flytja ræður.

Þá verður flutt óperan Rita eftir Donizetti. Með hlutverk fara óperusöngvararnir Púriður Pálsdóttir, Guðmundur Guðjónsson og Guðmundur Jónsson og Borgar Garðarsson, leikari. Við hljóðfærið F. Weissappel, píanóleikari.

Dansleikur verður um kvöldið.

Berlínarkvöld í kvöld.

Undanfarna daga hefur dvalið hér á landi 24ra manna hópur þýzks æskufólks. Eru þau meðlimir æskulýðsfélags Mariefelde-kirkjunnar í Vestur-Berlín og nota sumarfrí sitt til þessarar heimsóknar til Íslands. Í kvöld 22. ágúst munu þau efna til Berlínarkvölds í Skátaheimilinu við Snorrabraut, og hefst það kl. 8.30. Munu þau

sýna myndir frá Berlín, syngja þýzka söngva, sýna þjóðdansa og segja frá högum sínum þar.

Er ekki að efa það, að mörgum mun leika forvitni á því að heyra sagt frá lífinu í borginni, sem nú ber einna hæst í heimsfréttunum. Er öllum heimill aðgangur, en sérstaklega er æskufólk 17 ára og eldra hvatt til að fjölmenna.

að njóta þess lærdóms sem aginn og líkamlegt starf veitir hverjum einum. Það er ótrúlega góður skóli.

P. J.

Að utan —

Framh. af 8. síðu.

Menn notast við nýjustu tækni á sviði vatnavinnu, og er hún hollenzk að öllu leyti, því að engin þjóð hefir komið eins langt á því sviði. Menn frá ýmsum löndum koma raunar þangað til að læra það, sem nýjast er á þessu sviði.

Þegar lokið verður við að hrinda í framkvæmd Zuiderzee- og ósaáætlunum, verða aðeins eftir tvö verkefni. Það fyrri — sem er tiltölulega auðvelt — verður að loka Lauwerszee, litlum flóa norður í landi milli héraðanna Groningen og Fríslands. Tekin hefir verið ákvörðun í aðalatriðum um að hefjast handa í þessu efni, og fyrsti hluti verksins hefir verið boðinn út. Verður verkið hafið með því að gerður verður 13 km. löng fyrirhleðsla frá norðausturodda Fríslands til norðvesturodda Groningens. Farj allt samkvæmt áætlunum, ætti þurrkun og ræktun Lauwerszee að verða lokið á níu árum — þetta er 16,500

ekra svæði — og kostnaðurinn er áætlaður tíu milljónir punda. Þegar fyrirhleðslunni hefir verið lokið, mun þurrkun verða sjálfkrafa á 3375 ekrum ræktarlands og 6500 ekrum skóglendis. Með því að verja hálfri þriðju milljón punda til viðbótar, verður hægt að þurrka 8500 ekrur að auki.

Hitt verkefnið, sem eftir verður í sífelldri baráttu Hollands gegn hafinu, snertir „Wadden“-eyjarnar sex fyrir norðan Frísland. Sem stendur eru þær unaðslegir sumarskemmtistaðir og gríðland fugla, en með fyrirhleðslu mundi vera unnt að tengja að minnsta kosti fimm þeirra meginlandinu. Má geta þess, að um það bil sem kristni var að ryðja sér til rúms í Hollandi, voru eyjar þessar hluti af meginlandinu.

Með fyrirhleðslu mundu skapast skilyrði til að þurrka stór svæði milli eyjanna og meginlandsins, og þar mundi sístækkandi þjóð fá aukið landrými til bústaðar og ræktunar. Þetta kann að vera framtíðardraumur, en tækninni er ekkert ómögulegt og enginn vafi leikur á því, að í einhverri ráðuneytisskrifstofu í Hollandi eru til uppdrættir varðandi þetta verkefni.

MYNDLIST

(Frh. af bls 7)

leikinn sé eitthvað vafasamur.

Hartung notar fábreytta líti. Svörtu teflir hann mjög fram gegn minni flötum ljósra lita (hvítt, gult, grátt). Hreyfingin er stórt atriði, en aðrir eins og t. d. Soulages, kjósa heldur að láta sterk og breið pensilfölin standa eins og kletta úr hafinu. —Hver fer að sjálfsgöðu sína eigin leið, frjáls og óbundinn af smákreddum.

Því hefur oft verið haldið fram, að aðalmunurinn á hlutlægr og óhlutlægr list sé sá, að sú hlutlæga fáiast aðeins við yfirborðið, hið sýnilega, en ekki innri veruleikann. Hartung tekur vatn sem dæmi um þetta. Monet málaði vatn mjög vel og fagurlega, en hann málaði aðeins vatnsflötinn, eins og hann kom honum fyrir sjónir hverju sinni, t. d. eins og þegar litskrúð blómanna speglaðist í honum. En með

því að sitja á tjarnarbakkarnum er ekki öll þekking á vatninu fengin, hún fæst ekki nema með því að kafa í það, finna kulda þess eða hita og aðra eiginleika þess og áhrif þeirra, sem geta verið með ýmsu móti. Sjónin er ekki það eina, sem við hljótum að byggja þekkingu okkar og reynslu á. Sama má segja um skóginn. Við vitum að þetta, sem við sjáum þarna í fjarska er skógur, en til þess að vita hvað skógur er, þá verðum við að ganga inn í hann, reka okkur í trén og rispast af greinum þeirra. Það er innri veruleikinn, sem máli skiptir.

Því dýpra sem okkur tekst að kafa í djúp okkar innra sjálfs, því greinilegri og þrungin meiri sannfæringarkrafti verður sú mynd, sem við getum birt af okkar innra lífi og tjáningarmáttur okkar víðfeðmari. Þetta hefir Hans Hartung sagt eða skrifað og er tæplega hægt að færa mikil rök gegn því, að rétt muni vera athugað.